

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. ágúst 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „9. september til 31. maí“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1. september til 31. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi eftirtaldar reglugerðir: nr. 669, 7. september 2001, nr. 117, 13. febrúar 2002, nr. 247, 27. mars 2002 og nr. 347, 6. maí 2002 um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Ásláksstaðir og Ós.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin varðar landnotkun í landi Ásláksstaða og Óss. Breytingin á landnotkun í landi Ásláksstaða varðar tún og opin svæði, óbyggð sem verða svæði fyrir bændaskógrækt. Landnotkun í landi Óss breytist úr túnnum, lögbýli og opnum svæðum, óbyggðum í íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Ytri-Bakki.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar á landnotkun í landi Ytri-Bakka:

Framtíðarsvæði fyrir íbúðarbyggð, skógrækt og tún verða svæði fyrir íbúðarbyggð. Jafnframt er sýnd tenging við Hjalteyrarveg.

Opinber þjónusta og opin svæði, óbyggð verða svæði fyrir frístundahús.

Lögbýli og tún verður íbúðarhús með rúmlega eins hektara lóð.

Skógræktarsvæði verður að hluta svæði fyrir sumarhús.

Lögbýli/landbúnaðarmannvirki verður sumarhús og skógrækt.

Lögbýli/landbúnaðarmannvirki verður svæði fyrir iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.